

BORGARRÁÐ 9. mars 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lokun skiptistöðvar á Hlemmi - R17030087

Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins: Hinn 17. mars 2016 samþykkti borgarráð þá tillögu Sjálfstæðisflokksins að í því skyni að bæta þjónustu við strætisvagnafarþega yrði húsnæði skiptistöðvarinnar að Hlemmi haft opið meðan unnið væri að breytingum á húsnæðinu en önnur aðstaða útbúin eftir því sem þörf krefði vegna framkvæmdanna. Þá yrði húsið opið á aksturstíma strætisvagna. Til stóð að breytingum á húsnæðinu yrði lokið sumarið 2016 en það hefur ekki gengið eftir og er húsið nú harðlokað farþegum sem þurfa að bíða utandyrna í kulda og trekki. Óskað er eftir greinargerð um málið þar sem m.a. komi fram af hverju áður nefndri samþykkt borgarráðs var ekki fylgt, ásamt upplýsingum um kostnað, helstu tímasetningar og hvenær fyrirhugað er að opna húsið að nýju fyrir farþegum.